



## Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn í Kvennaskólanum

12.5.2017 kl. 10:00

### Dagskrá

1. Staða mála
  - a. Styrkveiting frá Rannís
  - b. Vorprófin
2. Stefnumotunarverkefni
  - a. Drög að skipuriti
  - b. Uppfærð fjárhagsáætlun 2017
3. Ársfund Þekkingarsetursins
  - a. Ársreikningur 2016
  - b. Breyting á samþykktum
4. Önnur mál

Arnar Þór setti fund. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Katharina Schneider, Valgarð Hilmarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

- 1)
  - a) Katharina skýrði frá því að Þekkingarsetrið á Blönduósi og Textílsetur Íslands fengu úthlutað 7 milljón króna styrk úr tækniþróunarsjóði Rannís fyrir hagnýtt rannsóknarverkefni: Bridging Textiles to the Digital Future. Ragnheiður Björk Þórsdóttir er verkefnisstjóri fyrir hönd Þekkingarsetursins. Búið er að ganga frá samningi fyrir 2017-2018. Gert er ráð fyrir að verkefnið klárast árið 2020 og að heildarstyrkur verði 29 milljónir. Þá verður búið að skrá 2000-3000 vefnaðarmynstur í vefnaðarforrit og taka ljósmyndir af þeim. Ná sem bestum tókum á nýrri stafrænni vefnaðartækni í TC2 tölvuvefstólum.
  - b) Katharina skýrði frá því að 46 próf hafa farið fram frá áramótum, eftir eru sjúkrapróf, sumar- og haustpróf. Aukning er mikil í prófum á milli ára.
- 2)
  - a) Katharina lagði fram drög að skipuriti. Stjórnin samþykkir að ráða Jóhönnu í 50% starf sem sérfræðingur á sviði textíls frá og með 1. júní. Katharinu er falið að ganga frá samningi við hana. Að öðru leyti verður ekki breyting á skipuriti en áhersla lögð á teymisvinnu hjá starfsmönnum Þekkingarsetursins.

- b) Katharina kynnti uppfærða fjárhagsáætlun fyrir 2017 miðað við ákveðnar breytingar. Stjórn gerði athugasemdir til samræmis við lið 2a og Katharinu var falið að uppfæra fjárhagsáætlun upp á nýtt og senda til stjórnarmanna.
- 3)
- a) Ársreikningur 2016 hefur verið unnin af KPMG, stjórn samþykkir hann fyrir sitt leyti. Rekstartekjur eru kr. 35.488.570 og rekstargjöld kr. 33.984.672. Hagnaður ársins að teknu tilliti til fjármagnsliða er kr. 1.541.707. Eignir í árslok eru kr. 4.625.206, þar af handbært fé kr. 4.423.727.
  - b) Rætt var um hvort gera þurfi breytingar á samþykktum vegna þróunar á starfseminni, þar sem áherslan hefur mikið færst yfir á textílinn.  
Ársfundur Þekkingarsetursins verður þriðjudaginn 30. maí kl. 15.
- 4) Búið er að uppfæra ferðamálabæklinginn fyrir A-Hún. Þrjónagleði verður 9.-11. júní og kemur Þekkingarsetrið talsvert að undirbúningi fyrir hana.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Póra Sverrisdóttir